

303. fundur

Fimmtudaginn 10. október 2024, kl. 15:00 kom verðlagsnefnd búvara saman í matvælaráðuneytinu. Fundinn sátu: Kolbeinn Hólmur Stefánsson, formaður, Hrannar Már Gunnarsson, Rafn Bergsson, Reynir Þór Jónsson, Pálmi Vilhjálmsson, Steinunn Bragadóttir og Þórunn Andrésdóttir. Elín Margrét Stefánsdóttir og Hálf dán Óskarsson boðuðu forföll. Þá sátu einnig fundinn Arnar Freyr Einarsson, MAR, Guðrún Björg Egilsdóttir, BÍ og Unnsteinn Snorri Snorrason, BÍ.

Þetta gerðist á fundinum:

1. Verðlagsgrundvöllur kúabús

Umræður um útfærslu við verðlagningu til bænda með tilliti til hækkunar gjaldaliða verðlagsgrundvallar og afturvirktrar hækkunar frá því í júní. Lagt fram verðmat á geymdri hækkun lágmarksverðs, þ.e. ef verðlagt hefði verið í júní. Byggt á verðlagsgrundvelli júnímánaðar hefði verið tilefni til að hækka lágmarksverð um 1,69%. Byggt á innvigtun mjólkur frá júlí til september og ef verð hefði verið hækkað úr 132,68 kr./ltr í 134,92 kr./ltr er verðmæti geymdrar hækkunar um 89 m.kr. Hækkun lágmarksverðs um 0,45% í september, umfram hækkun verðlagsgrundvallar, myndi skila bændum sömu verðmætum til bænda á ársgrundvelli. Hækkun gjaldaliða verðlagsgrundvallar frá síðustu verðlagningu er 2,28% og myndi því 2,73% hækkun lágmarksverðs jafna út geymda hækkun frá því í júní og hækka verð til samræmis sem verðlagsgrundvöllur í september gefur tilefni til.

2. Iðnaðarlíkan

Farið yfir þróun vinnslu- og dreifingarkostnaðar afurðastöðva frá síðustu verðlagningu. Vinnslu- og dreifingarkostnaður hefur aukist um 4,12% á tímabilinu. Hækkunarþörf iðnaðarlíkans með tilliti til 2,73% hækkunar lágmarksverð myndi gefa tilefni til 3,37% hækkunar á heildsöluverði.

3. Verðlagning

Lagt til að hækka lágmarksverð til bænda um 2,73% en að heildsöluverð haldist óbreytt að sinni. Samþykkt. Ákveðið að halda heildsöluverði mjólkur óbreyttu þar til fram yfir næstu stýrivaxtaákvörðun. Þó var ákveðið að sinni að heildsöluverð á mjólkurvörum sem nefndin verðleggur hækki einungis um 2,95% þann 1. desember nk., með fyrirvara ef um verulega breytta stöðu í efnahagsmálum verður að ræða á næstu misserum. Fram kom að brýnt væri að reyna stemma stigu verðbólgu og samdrætti kaupmáttar heimila undanfarin misseri og að mjólkuriðnaðurinn vildi leggja sitt af mörkum til þess með því að verði til neytenda yrði ekki breytt samhliða hækkun lágmarksverðs. Staða bænda væri hins vegar alvarleg eftir miklar kostnaðarhækkanir undanfarin misseri og nauðsynlegt væri að afurðaverð endurspegli það, þó þeim kostnaði yrði ekki velt út í verðlag. Verð til bænda hækkar frá og með 1. október um 2,73%, úr 132,68 kr./ltr í 136,30 kr./ltr. Heildsöluverð verður óbreytt þar til 1. desember nk.

4. Endurskoðun verðlagsgrundvallar kúabús

Lögð fram tillaga að nýjum verðlagsgrundvelli kúabús. Um er að ræða nýja uppsetningu á verðlagsgrundvelli sem byggir í grundvallaratriðum á sömu forsendum og Hagfræðistofnun HÍ vann fyrir verðlagsnefnd. Farið var vel yfir nýju uppsetninguna og var sammælt um að hún væri vel uppsett og skýr. Í útgáfunni hafði forsendum um framreikning vegna kjarnfóðurs, áburðar og sáðvöru verið breytt til samræmis við fyrri ákvarðanir verðlagsnefndar, þ.e. að þessir liðir fylgi útreikningum Hagstofu Íslands eins og gert er í gildandi verðlagsgrundvelli. Helstu breytingar eru fólgnar í nýrri nálgun við útreikning stofnfjárframlags kúabús, sem útreikningur afskrifta og vaxtakostnaðar byggir á, sem og launaliðar. Lagt til að þessi útgáfa verði til grundvallar að hinum nýja verðlagsgrundvelli og var það samþykkt. Þá verði útreikningur stofnfjárframlags og launaliðar skoðaðir sérstaklega fram að næsta fundi og stefnt að því að klára endurskoðunina á allra næstu vikum.

5. Önnur mál

Rætt um að því verði beint til næstu verðlagsnefndar að endurskoða verklagsreglur í kjölfar upptöku nýs verðlagsgrundvallar og verklagsreglur muni m.a. fela í sér að fundir verði settir á dagskrá fram í tímann og að fundargögn verði lögð til tímanlega fyrir fundi nefndarinnar.

Næsti fundur verður haldinn að viku liðinni. Fleira var ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 17:00.

Kolbeinn Hólmar Stefánsson

Arnar Freyr Einarsson